

137

12. júní

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 16. júní 1915 um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í stað orðanna 2 krónur í 6. gr. komi 4 krónur.

2. gr.

Í stað orðanna 3 krónur í 9. gr. komi 6 krónur.

3. gr.

Í stað orðanna 4 krónur, 7 krónur og 1 króna í 10. gr. komi 8 krónur, 12 krónur og 2 krónur.

4. gr.

Í stað orðanna 5—20 krónur í 16. grein komi 20—100 krónur.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndir Þingeyjarsýslna hafa samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóvember 1893, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins, 12. júní 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

138

12. júní

Gjaldskrá

í Reykjavík og nærlendis handa bifreiðum til mannfatninga, skv. 10. gr. laga nr. 88 frá 11. nóv. 1917 um notkun bifreiða

I. Í Reykjavík (innan kaupstaðarlóðar).

A. Gjald eftir ferðum.

Gjaldið skal miðað við þessi 4 hverfi:

1. Miðbærinn innan þessara marka, að þeim götum meðtöldum: Ægisgata, Tungata að Landakotsspítala, Suðurgata, Skothúsvegur, Hellusund, Bergstaðastræti, Smiðjustígur, Lindargata, Klapparstígur.
2. Vesturbærinn: Fyrir vestan vesturmörk miðbæjar suður að melunum fyrir norðan Íþróttavöll,

3. Suðurbærinn: Þaðan, fyrir sunnan suðurmörk miðbæjar að Hellusundi, Bergstaða- **138**
stræti, Baldursgötu, Skólavörðustíg, Hafnarjarðarvegi, þessar götur ekki meðtaldar. 12. júní
4. Austurbærinn: Þaðan og fyrir austan austurmörk miðbæjar.
- | | |
|--|--------|
| a. Fyrir eina ferð innan sama hverfis greiðist | 1 kr. |
| b. Fyrir hverja ferð, sem við bætist, greiðist | 50 au. |
| c. Í fyrsta sinn, sem ekið er yfir mörk milli hverfa (götur sem skilja hverfi) greiðist | 75 — |
| d. Síðan, í hvert sinn | 50 — |
| e. Fyrir að stefna bifreið á ákveðinn stað innan þess hverfis, sem hún hefir stöð, til þess að byrja ferð þaðan, greiðist aukagjald | 50 — |
| f. Sje tiltekinn staður innan annars hverfis, er aukagjaldið | 75 — |
| g. Fyrir bið greiðist ekkert fyrstu 5 mín., síðan fyrir hverjar 10 mín. eða skemri tíma | 50 — |
- Á tímabilinu frá 11 e. h. til 8 f. h. greiðist tvöfalt gjald.

A t h u g a s e m d. Gjaldið er miðað við venjulega 4 manna bifreið.

Ferð telst lokið á hverjum stað, sem bifreið nemur staðar til þess að leigjandi stigi úr eða í. (Hver nýr farþegi kallast leigjandi.)

B. Tímaleiga:

- | | |
|--|--------|
| a. Fyrir hálf klukkustund eða skemri tíma greiðist | 5 kr. |
| b. Síðan fyrir hverjar 5 mín. (skemri tími reiknast sem 5 mín.) | 75 au. |
- Gjaldið er miðað við venjulega 4 manna bifreið.

II. Nærlandis:

1. Leiga fyrir venjulega 4 manna bifreið fyrir hvern km. skal vera 1 kr. 25 au.
Vegarlendir frá Reykjavík miðast við Lækjartorg.
Vegarlend, sem gjald miðast við, mælist aðeins aðra leið, en full umráð eru yfir öllum sætum bifreiðar báðar leiðir.
Aukagjöld fyrir innanbæjarakstur skal ekki greiða önnur en þessi:
- | | |
|--|--------|
| a. Fyrir að stefna bifreið á ákveðinn stað innanbæjar til þess að byrja ferð þaðan út úr bænum greiðist | 50 au. |
| b. Fyrir hverja ferð, sem farin er innanbæjar, greiðist | 50 — |
| c. Fyrir bið greiðist ekkert fyrstu 5 mín., síðan fyrir hverjar 10 mín. eða skemri tíma | 50 — |
2. Fyrir einstök sæti í bifreið skal greiða fyrir hvern km., ef bifreiðin fer fastar ferðir, sem auglýstar hafa verið 20 —
Ef ekki er um fastar ferðir að ræða, er gjaldið fyrir hvern km. 18 —
Um brot gegn gjaldskrá þessari fer eftir 13. gr. laga um notkun bifreiða frá 14.

nóvbr. 1917.

Gjaldskrá þessi gengur í gildi nú þegar.

Gjaldskráin fæst hjá lögreglustjóra ókeypis og skal eintak af henni vera til sýnis í hverri leigubifreið.

Atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins, 12. júní 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.